

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 3. febrúar 2005

um breytingu á ákvörðun 2002/300/EB um skrá yfir svæði sem eru viðurkennd með tilliti til bónamíósis (*Bonamia ostreae*) og/eða marteliósis (*Marteilia refringens*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 217)

(Texti sem varðar EES)

(2005/104/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽¹⁾, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/300/EB frá 18. apríl 2002 um skrá yfir svæði sem eru viðurkennd með tilliti til bónamíósis (*Bonamia ostreae*) og/eða marteliósis (*Marteilia refringens*) ⁽²⁾ er mælt fyrir um svæði innan Bandalagsins sem teljast laus við lindýra-sjúkdómana ostruveiki [þ: bónamíósis] (*Bonamia ostreae*) og/eða marteliúveiki [þ: marteliósis] (*Marteilia refringens*).
- 2) Danmörk hefur lagt fram skjöl því til stuðnings að öðlast stöðu viðurkennds svæðis með tilliti til ostruveiki og marteliúveiki fyrir Limafjarðarsvæðið. Af gögnunum sem voru lögð fram má ráða að svæðið standist kröfur tilskipunar 91/67/EBE. Það á því rétt á stöðu viðurkennds svæðis og skal því bætt við skrána yfir viðurkennd svæði sem er sett fram í ákvörðun 2002/300/EB.
- 3) Að auki hefur Írland lagt fram beiðni um breytingu á skránni yfir svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til ostruveiki í ákvörðun 2002/300/EB, til að gera ná-

kvæmari landfræðilega lýsingu á einu svæðanna þar sem sjúkdómurinn hefur greinst. Því skal lýsingin „Logmore, Belmullet“ koma í stað „Loughmore, Blacksod Bay“.

- 4) Breyta ber ákvörðun 2002/300/EB til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað viðaukans við ákvörðun 2002/300/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 103, 19.4.2002, bls. 24. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2003/729/EB (Stjtið. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 37).

VÍÐAUKI

„VÍÐAUKI

**SVÆÐI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL ANNARS EÐA BEGGJA LINDÝRASJÚKDÓMANNA OSTRUVEIKI
(*BONAMIA OSTREA*) OG MARTELÍUVEIKI (*MARTEILIA REFRINGENS*)**

1.A. Svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til ostruveiki (*B. Ostreae*)

- Öll strandlengja Írlands, að eftirtöldum sex svæðum undanskildum:
- Cork Harbour,
- Galway Bay,
- Ballinakill Harbour,
- Clew Bay,
- Achill Sound,
- Logmore, Belmullet.

1.B. Svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til martelíuveiki (*M. Refringens*)

- Öll strandlengja Írlands.

2.A. Svæði í Breska konungsríkinu, á Ermarsundseyjum og Mön sem eru viðurkennd með tilliti til ostruveiki (*B. Ostreae*)

- Öll strandlengja Stóra-Bretlands, að eftirtöldum svæðum undanskildum:
 - suðurströnd Cornwall frá Lizard að Start Point,
 - svæðið umhverfis ármynni Solent frá Portland Bill að Selsey Bill,
 - svæðið með fram strönd Essex frá Shoeburyness að Landguard point.
- Öll strandlengja Norður-Írlands.
- Öll strandlengja Guernsey og Herm.
- Svæði á Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni þar sem sjávarfalla gætir og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómilur frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið liggur í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund.
- Öll strandlengja Manar.

2.B. Svæði í Breska konungsríkinu, á Ermarsundseyjum og Mön sem eru viðurkennd með tilliti til martelíuveiki (*M. Refringens*)

- Öll strandlengja Stóra-Bretlands.
- Öll strandlengja Norður-Írlands.
- Öll strandlengja Guernsey og Herm.

-
- Svæði á Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni þar sem sjávarfalla gætir og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómilur frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið liggur í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund.
 - Öll strandlengja Manar.
3. Svæði í Danmörku sem eru viðurkennd með tilliti til ostruveiki (*B. Ostrea*) og martelíuveiki (*M. Refringens*)
- Limafjörður frá Thyborøn í vestri til Hals í austri.“
-